

Hestamannafélagið Kjóavöllum

12. fundur, haldin miðvikudaginn 19.12.2012 kl. 16:00 í félagsheimili HK Hattarvöllum 1.

Mætt til fundarinnns voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Hermann Vilmundarson, Halldór H. Halldórsson og Ingibjörg G. Geirsdóttir að auki sat Guðjón Árnason formaður Kjóavalla ehf. fundinn undir liðnum reiðskemmu á Hattarvöllum 1.

1. SS spurði um rekstur reiðhallarinnar, vsk. kvöð og hvenær ársreikningar gætu legið fyrir. Í svari GÁ kom fram að Jón H. Skúlason endurskoðandi væri að leggja loka hönd á uppgjörið og að það gæti hugsanlega legið fyrir á milli hátíða. Hvað vsk. kvöð varðaði var GÁ ekki viss, en taldi að í mestalagi eitt ár væri eftir, en hugsanlega gæti JHS. upplýst um það atriði, SS setur sig í samband við JHS. Rætt um rekstur reiðhallarinnar sem rekin hefur verið með tekjuafgangi frekar en hitt. Rætt um ráðningu umsjónarmanns með reiðhöll og félagsheimili, uppástunga kom frá IGG um Unnar Björn Jónsson, samþykkt að ræða við UBJ um hugsanlega þóknun fyrir umsjón og eftirlit með þessum eigum HK. IGG ræðir við UBJ. Rætt um ásókn í reiðhöllina m.a. frá hundavinum og hugsanlegt verð fyrir afnot (lykla) félagsmanna HK. Koma þarf upp stundatöflu sem fyrst, bæði á heimasíðum og í höllinni sjálfri og etv. víðar. ÞS verður nýr formaður stjórnar Kjóavalla ehf. verði reksturinn með óbreyttu sniði næsta árið annars formaður reiðhallanefndar verði vsk. kvöð afnumin og reksturinn settur undir stjórn HK.
2. Nefndir, boðaðir voru til fundarinnns formenn laga- tölvu- og umhverfisnefnda, af ýmsum ástæðum gátu þeir ekki mætt. ÞS boðar laganeftnd til fundar og ræðir við Guðjón Gunnarsson úr tölvunefnd um að hlaða efni á www.kjoavellir.is .
3. Félagatal, félagatal Andvara og Gusts ásamt nýskráðum félögum í HK þarf að koma í Felix félagakerfi íþróttahreyfingarinnar, HV fylgir því eftir.
4. Fjármál, GH fór yfir stöðuna; um 78 m.kr. hafa verið greiddar út af reikn. HK, þar af 60 m.kr. til Loftorku 2/3 af heild til þeirra, 8 m.kr. til Verkís, 2,5 m.kr. til Sveins Ívarssonar og 2 m.kr. til Landforms. Inneign á reikn. HK er um 125 m.kr.
5. Rætt um að rekstrarstyrkur frá Garðabæ verði óbreyttur frá 2012 þ.e. 4 m.kr. í rekstur og 2 m.kr. í æskulýðsstarf, rætt að Kópavogur þurfi að leggja til samsvarandi styrki þ.e. styrki vegna reksturs HK, reiðhallar og rekstur svæðisins. Rætt um að kostnaður vegna arkitektavinnu SÍ sé metin á um 5,7 m.kr.
6. Nafn á félagið, allnokkur umræða varð um nafn á sameinað hestamannafélag Andvara og Gusts, HK. Niðurstaðan varð að efna til nafnasamkeppni GH tók að sér listun tilhögunar, sem hann leysti fljótt og vel, niðurstaðan er eftirfarandi:

Undirbúningur samkeppni um nýtt nafn fyrir hestamannafélagið Kjóavöllum.

- a) Felix – félagaskrá. Koma öllum skráðum félögum í Andvara og Gusti í eina sameiginlega skrá auk nýrra félaga.
- b) Framkvæmdanefnd. Umsjón með framkvæmd nafnasamkeppni.
- c) Nafnanefnd 3 – 5 nefndarmenn. Fari yfir nafnatillögur og velji 5 – 10 nöfn sem kosið verði um á aðalfundi félagsins.
- d) Auglýsa eftir tillögum að nafni á nýja félagið.
- e) Setja tilkynningu á netmiðla (strax)
- f) Senda upplýsingar á netföng skv. netfangaskrá félagsmanna

- g) Senda upplýsingabréf til félagsmanna sem ekki eru á netfangaskrá
 - h) Tillögum um nafn ásamt skýringum skal skila til félagsins, ásamt lokuðu umslagi með nafni þátttakanda. (setja nánari útfærslu á heimasíðu).
 - i) Öllum heimilt að koma með tillögu, bæði félagsmenn og aðrir
 - j) Skilafrestur til 15. janúar 2013
 - k) Nafnanefnd fari yfir tillögur að nafni og leggi fram 5 – 10 nöfn sem kosið verður um
 - l) Skrifleg nafnakosning fer fram á aðalfundi.
 - m) Aðeins félagsmenn geta greitt atkvæði um nafn á nýja félagið.
 - n) Nafn verður að fá meirihluta atkvæða. Fáí ekkert nafn meirihluta atkvæða við fyrstu kosningu, er kosið á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu.
 - o) Vegleg verðlaun í boði fyrir tillögu að því nafni sem verður fyrir valinu. Dregið verður um vinningshafa hafi tillaga borist frá fleiri en einum aðila.
7. Annað, fjallað lítilega um ábendingar SÍ á heimasíðu með áhorfendapalla sem fljótt á litið virðast ekki henta í hina nýju reiðhöll. Rætt að Loftorka stefndi á að klára amk. annan völlinn innan skeifunnar eins fljótt og mögulegt væri, einnig að þeir myndu verða að störfum í skeifunni í vetur eftir sem veðurfarslegar aðstæður leyfðu.

Fleira ekki fært til bókar, fundarlok kl. 17:45

Fundarritun 22.12. 2012 Halldór H.

Frá Sveinbirni 21. 12. 2012

Var að tala við Jón Skúlason endurskoðanda, og var ákv. að hann myndi reyna að klára málefni Kjóavalla ehf. strax eftir áramótin þannig að hægt verði að halda aðalfund og leggja fram reiknina vegna 2011. Þá ætlar hann að vera búinn að finna út hver vsk. kvöðin er, skaut á að hún gæti verið um 1 millj. +/- . Mín fyrstu viðbrögð eftir samtal við Jón er að það sé sennilega best fyrir okkur að leggja félagið út af og færa eigninar yfir í hestamannafélagið þó það kosti okkur þessa fjármuni þar sem ég óttast að hin leiðin verði mun dýrari og þá ekki síst þegar og ef kemur til sölu á höllinni.

Kveðja, Sveinbjörn

Frá Þorvaldi 20. 12. 2012

Sælir

Búinn að tala við Guðjón, senda allt á hann sem þarf að fara á heimasíðuna.

Best regards / Kveðja

Þorvaldur Sigurðsson

